MIÐFLOKKURINN

Bæjarráð Kópavogs

10. nóvember 2026

Tillaga um að ráðningar á skrifstofum verði háðar samþykkt bæjarráðs

Bæjarráð samþykkir að frá og með 1. janúar 2027 verði ekki ráðið í störf sem losna á skrifstofum bæjarins og fagsviða nema bæjarráð samþykki ráðninguna.

Beiðni um ráðningu fylgi rökstuðningur sviðsins fyrir þörfinni og mat á því hvort leysa megi verkefnin með öðrum hætti, svo sem með stafrænum lausnum eða tilfærslu verkefna.

Greinargerð

Á skrifstofum bæjarins og fagsviða eru 160 stöðugildi samkvæmt stöðugildayfirliti bæjarins fyrir árið 2027. Launakostnaður þeirra er 3,2 ma.kr. og hvert stöðugildi kostar bæinn að meðaltali 19,8 m.kr. á ári með yfirvinnu og launatengdum gjöldum.

Stöðugildum hjá Kópavogsbæ fjölgaði um 5,6% frá 2022 til 2025, úr 1.973 í 2.083, en íbúum um 4,1%. Í greinargerð með fjárhagsáætlun 2027 er stafræn þróun rökstudd með aukinni skilvirkni. Sú skilvirkni á að koma fram í því að hægt sé að sinna sömu verkefnum með færra fólki.

Tillagan er aðgerð sem er til þess fallin að fá stjórnsýsluna til að hugsa út fyrir kassann ef störf losna. Mikilvægt er með aukinni tæknivæðingu að skoða hvaða verkefni raunverulega þurfi auka hendur.

Fjárhagsleg áhrif

Ef 16 störf losna á ári á skrifstofunum og fjórða hvert þeirra er ekki endurráðið fækkar stöðugildum um 4 á ári.

	m.kr.
Eftir eitt ár (4 færri stöðugildi)	80
Eftir tvö ár (8 færri stöðugildi)	160
Árið 2027	um 40

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi Miðflokksins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026